

Reglubreytingar FIBA – Október 2018

Tekið saman af Péttri Hrafní Sigurðssyni fyrir KKÍ

Athygli er vakin á að neðangreindur texti endurspeglar andann í reglubreytingunum, en mun ekki birtast svona orðrétt í nýjum og uppfærðum leikreglum sem verða til staðar í ágúst 2018.

→ **Hugtakanotkun, breyta frá Period til Quarter og Extra Period to Overtime**

Ástæða fyrir breytingu

Tilgangur breytingarinnar er að samræma hugtakanotkun hjá öllum hagsmunaaðilum.

Ný regla

Period breytist í Quarter og Extra Period breytist í Overtime.

→ **Grein 4 - Búningar og aukabúnaður**

Ástæða fyrir breytingu

Að lágmarka þær takmarkanir sem eru til staðar fyrir aukabúnað við búninga án þess að fórna æskilegri ímynd leiksins.

Ný regla

Allur aukabúnaður á liði verður að vera af sama einstaka lit.

- Handleggs, og fótleggjahlífar, höfuðband og band um úlnlið og upphandlegg.
- Allur aukabúnaður liðs með sama einstaka lit.

→ **Grein 17 - Innkast**

Ástæða fyrir breytingu

Koma í veg fyrir leikbrot við innkast og tafir síðustu 2 mínútur leiksins.

Ný regla

17.2.8 Þegar leikklokka sýnir 2:00 mínútur eða minna í fjórða leikhluta og í hverri framlengingu skal varnarleikmaður í innkasti ekki hreyfa neinn hluta líkamans yfir útlínu til að trufla innkastið. Dómari skal nota forvarnar-merki (sjá mynd) sem aðvörun þegar hann lætur taka innkastið. Leikbrot eftir aðvörun leiðir til tæknivillu.

Merki úr FIBA reglum: ILLEGAL BOUNDARY LINE CROSSING ON A THROW-IN

„Wave arm parallel to boundary line [in last 2 minutes of the fourth quarter and overtime]“



→ Grein 24 - Knattrak

Ástæða fyrir breytingu

Gefa rými fyrir fleiri stórkostleg tilþrif og mæta raunveruleika leiksins.

Ný regla

Knattrak er hreyfing knattar í leik sem leikmaður veldur með því að kasta, blaka eða rúlla knetti eftir gólfinu.

Tekið er úr reglunni: „eða vísvitandi kastar honum í körfuspjaldið“.

→ Grein 29 - 24 sekúndur

Ástæða fyrir breytingunni

Að stytta tímann sem sóknarlið hefur til að taka skot, eftir að það er komið á sóknarvöll. Til að gefa tækifæri á fleiri körfuskotum á meðan á leik stendur.

Breytt regla

29.2.3 Endursetja skal skotklukka alltaf þegar leikur er stöðvaður af dómara vegna villu eða leikbrots liðs sem hefur vald á knetti.

Við þessar aðstæður skal knöttur veittur mótherjum þess liðs sem hafði vald á knetti. Síðan:

- Ef innkast er framkvæmt á varnarvelli skal skotklukka endursett á 24 sekúndur.
- Ef innkast er framkvæmt á sóknarvelli skal skotklukka endursett á 14 sekúndur.

29.2.4 Þegar leikklukka sýnir 2:00 mínútur eða minna í fjórða leikhluta eða framlengingu og leikhlé er tekið af liði sem hefur rétt á knetti á varnarvelli, hefur þjálfari þess liðs rétt á að ákveða hvort innkastið skuli framkvæmt við vítateigslínu, gegnt ritaraborði á sóknarvelli liðsins eða á varnarvelli liðsins.

Ef innkast er framkvæmt við vítateigslínu, gegnt ritaraborði á sóknarvelli liðsins skal skotklukkan endursett sem hér segir:

- Ef 14 sekúndur eða meira er eftir á skotklukkunni þegar leikklukka var stöðvuð, skal skotklukka endursett á 14 sekúndur.

- ef 13 sekúndur eða minna er eftir á skotklukkunni þegar leikklukka var stöðvuð, skal skotklukka ekki endursett heldur halda áfram frá þeim tíma sem hún var stöðvuð á.

Ef innkastið er framkvæmt á varnarvelli liðs skal skotklukka endursett á nýjar 24 sekúndur eða halda áfram frá og með þeim tíma sem hún var stöðvuð á eins og skilgreint er í reglunum.

→ Grein 35 - Tvívilla

Ástæða fyrir breytingu

Að einfalda reglur um villu þegar 2 mótherjar framkvæma persónuvillu gegn hvor öðrum á nánast sama tíma.

Ný regla

35. Tvívilla

35.1 Skilgreining

35.1.1 Tvívilla eru aðstæður þar sem 2 mótherjar brjóta hver gegn öðrum með persónuvillu á nánast sama tíma.

35.1.2 Til að telja 2 villur sem tvívillu þurfa eftirfarandi skilyrði að vera til staðar:

- Báðar villur eru leikmannavillur.

- Báðar villur fela í sér líkamlega snertingu.

- Báðar villur eru á milli 2 mótherja sem brjóta hvor á öðrum.

- Báðar villur hafa sömu refsingu.

→ Grein 36 - Tæknivilla

Ástæða fyrir breytingu

Til að forðast aðstæður sem leiða til tvöfaldrar refsingar eftir að tæknivilla er dæmd og til að tryggja jafnvægi milli liðs með knött eða án knattar.

Ný regla

Ef tæknivilla er dæmd skal veita 1 vítaskot. Eftir vítaskotið skal það lið hefja leik sem hafði vald á knetti eða átti rétt á knetti þegar tæknivillan var dæmd.

→ **Grein 39 - Slagsmál**

Ástæða breytinga

Að geta refsað einstaklingum á varamannabekk [Team bench personnel] sem yfirgefa svæði varamanna við slagsmál á leikvelli á mismunandi hátt en áður [hvort heldur sem þeir taka þátt í slagsmálunum eða ekki].

Tillaga að nýrri reglu

Hver einstaklingur á varamannabekk [team personnel] sem tekur þátt í slagsmálum eftir að hafa yfirgefið svæði varamanna skal hljóta brottrekstrarvillu samkvæmt viðeigandi greinum [D-villa].

→ **Grein 46 - Aðaldómari: Skyldur og völd / Instant Replay Review**

Ástæða breytingar

Að bæta þremur tilfellum til viðbótar sem hægt er að skoða í Instant Reply System [IRS]

Tillaga að nýjum texta í reglurnar:

46.12 Síðustu tvær mínútur leiksins 2:00:

Hvort knatttrúflun var rétt dæmd [goaltending or basket interference violation]

Alltaf á meðan á leik stendur

- Eftir að villa var dæmd á skotmann í misheppnuðu körfuskoti hvort um sé að ræða 2 eða 3 vítaskot.

- Hvort persónuvilla, óíþróttamannsleg villa eða brottrekstrarvilla standist þau viðmið sem gerðar eru til slíkra villna eða hvort hún skuli hækkuð um flokk eða lækkuð um flokk.

→ **Grein 50 - Skotklukkuvörður: Skyldur**

Ástæða breytingar

Knöttur sem festist milli hrings og körfuspjalds skal talinn hafa snert hringinn. Til að gæta samræmis við aðrar svipaðar greinar.

Ný regla

Knöttur í leik festist milli körfuhrings og körfuspjalds leiðir til dómarakasts og afleiðingin er innkast samkvæmt víxlreglunni, nema það gerist milli vítaskota eða að knöttur sé afhentur liði sem hluti af refsingu fyrir villu. Þar sem knöttur hefur snert hringinn skal endursetja skotklukkuna á 14 eða nýjar 24 sekúndur.

→ **Innkast eftir óíþróttamannslega eða brottrekstrarvillu**

Ástæða breytingar

Til að hraða leik, gefa fleiri tækifæri til að fá knöttinn oftar og þannig skora fleiri körfur. Að taka út flóknar aðstæður eftir innkast frá miðlínu.

Breytt regla

- Öll innköst sem til eru komin vegna óíþróttamannslegrar eða brottrekstrarvillu skal framkvæma frá innkastslínu á sóknarvelli liðsins.
- Öll innköst sem til eru komin vegna slagsmála skal framkvæma frá innkastslínu á sóknarvelli liðsins.
- Í öllum tilfellum skal liðið hafa 14 sekúndur á skotklukku.

Innköst til að hefja alla leikhluta, annan en fyrsta leikhluta, og allar framlengingar skal halda áfram að taka frá miðlínu þar sem þau eru ekki hluti af refsingu vegna leikbrots.

→ B - Leikskýrsla

Ástæða breytinga

Til að skýra betur þegar tæknivilla gagnvart þjálfara skal refsað með 1 eða 2 vítaskotum

Ný regla

38.2.4 Fjöldi vítaskota skal veita á eftirfarandi hátt:

.....

- Ef villan er vegna brottrekstrar aðstoðarþjálfara, varamanns, útilokaðs leikmanns eða fylgismanns og felur í sér að þeir hafi yfirgefa svæði varamanna við slagsmál og villan er á þjálfarann sem tæknivilla: 2 vítaskot.

Þýtt í júlí 2018.

Pétur Hrafn Sigurðsson

Yfirlarið af Kristni Óskarssyni FIBA Instructor og Dómaranefnd KKÍ.